



Aðalfundur 9. desember 2021



Dagskrá:

Skýrsla formanns um starfsemi félagsins frá síðasta aðalfundi

Skýrsla gjaldkera um fjárhagsstöðu félagsins, tekjur og gjöld

Ákvörðun um árgjald 2022

Önnur mál

Fræðsluerindi

- Jarðgangaáætlun Vegagerðarinnar og Reynisfjallsgöng – Freyr Pálsson
- Bergþétting við lokuhelli í Kárahnjúkum - Jóhann Friðsteinsson og Jón Smári Úlfarsson
- Rekstur Vaðlaheiðarganga - Valgeir Bergmann



Skýrsla formanns.

Matthías Loftsson



- Eins og á síðasta ári hafði Covid19 mikil áhrif starfsemi félagsins 2021. Fátt var um hitting en stjórnin hélt 3 fundi, Teams fjarfundum, á þessu ári eins og undanfarin ár. Starf stjórnar fór að mestu í að ræða starfsemi félagsins, framtíðaráform og þátttöku í ráðstefnum og fundum.
- Starfsemi innan NVF hefur eingöngu verið í gegnum Teams. Í jarðganganeftinni eru þrjú vinnuhópar þar sem við erum með skráða meðlimi. Haldnir hafa verið 2-3 fundir í hverjum vinnuhópi og á flestum fundum hafa verið 1 eða fleiri þátttakendur frá Íslandi. Enn er óljóst hvenær hægt verður að halda mannamótsfundum.
- Eins hefur það verið með fundum ITA, sem hafa bara verið í gegnum Teams. „General assembly“ fundur ITA var í febrúar þar sem ákveðið var að halda alþjóðaráðstefnu ITA árið 2023 í Aþenu í Grikklandi. Jón Smári tók þátt í þeim fundum og fór með atkvæði Íslands. Alþjóðaráðstefnan 2022 verður í Kaupmannahöfn, en sú ráðstefna átti að vera í ár en var frestað vegna Covid19. 47. ársþing ITA var haldið á Teams í lok júní 2021. Næsta ársþing verður haldið í Kaupmannahöfn í apríl 2022 og í Aþenu 2023 og svo verður 50. ársþing ITA haldið í Shenzen í Kína 2024.
- Samtals eru 16 fyrirtæki og stofnanir aðilar að Jarðgangafélaginu og greiða iðgjöld. Staða reiknings er góð og því lagt til að halda félagsgjöldum óbreyttum á næsta ári. Jón mun gera nánar grein fyrir rekstrarreikningi hér á eftir.
- Heimasíðan og fésbókarsíðan hafa nýst vel til upplýsinga og fræðslu um jarðgangatengd efni. Heimsóknir á heimasíðuna hafa verið mismargar en að meðaltali verið um 100 á mánuði. Félagsmenn eru hvattir til að senda á stjórn erindi, blaðagreinar, tímaritsgreinar og annað sem þeir telja að geti verið upplýsandi fyrir aðra félagsmenn og aðra áhugamenn um jarðgöng. Minnt er á að eitt af hlutverkum JGFÍ er „að vera vettvangur fræðslu og upplýsingamiðlunar á öllum fagsviðum sem tengjast jarðgangagerð af öllu tagi.“ eins og segir í lögum félagsins.
- Skráðir félagar í JGFÍ eru nú 56, sem flestir eru starfsmenn fyrirtækja og stofnana sem greiða iðgjöld. Auk þeirra eru nokkrir sem fá send fundarboð.
- Stjórn var kosin til þriggja ára 2019 og því engin kosning nú, en verður á næsta aðalfundi 2022.



Skýrsla gjaldkera.

Jón Smári Úlfarsson



Jarðgangafélag Íslands-ársreikningur 2021

(Des 2020-Nóv.2021)

Staðan 30.12.2020		1.272.732
Árgjöld 2021 skv. samantekt		300.429
(Banki-þjónustugjald)	-	5.850
(Fjarmagnstekjuskattur)	-	159
Banki-innvextir		723
(Útgreiðslur-ITA)	-	73.395
(Heimasíðugerð)	-	200.000
(Rekstur heimasíðu)	-	100.000
(veitingar) áætlað ógreitt	-	10.000
Staðan 1.11.2021		1.184.480



Ársreikningur 2021:

Ársreikningur borinn upp til samþykktar.

Árgjald 2022:

Tillaga stjórnar JGFÍ er að árgjald 2022 verði óbreytt frá því sem nú er



Önnur mál.
Matthías Loftsson



- Norrænt málþing um bergtækni verður haldið hér á landi 24 - 26 maí 2023. Málþingið er haldið í samvinnu Jarðtæknifélagsins og Jarðgangafélags Íslands.

<http://www.nrock2022.com/> . Var fyrst áætlað að halda málþingið í september í ár, síðan frestað til maí 2022 og nú maí 2023.

- Tíunda norræna bergþéttingarráðstefnan (10th Nordic Grouting Symposium)

<https://www.ngs2022.se/> verður haldin í Stokkhólmi í október 2022. Kallað er eftir þátttöku okkar í þeirri ráðstefnu.



Fræðsluerindi